

ERINDISBRÉF

SKIPULAGS- OG BYGGINGARRÁÐ

1. gr. skipan ráðsins

Bæjarstjórn kýs, á fyrsta fundi, að afloknum sveitarstjórnarkosningum 5 aðalmenn og jafnmarga varamenn í skipulags- og byggingarráð til eins árs. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann skipulags- og byggingarráðs úr hópi kjörinna ráðsmanna. Framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en nær ekki kjöri í skipulags- og byggingarráð, er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Kosning í skipulags- og byggingarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

2. gr. starfsmenn

Með ráðinu starfa sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúi, byggingarfulltrúi og aðrir starfsmenn umhverfis- og skipulagssviðs.

3. gr. fundir

Skipulags- og byggingarráð skal að jafnaði halda fund á föstum tíma og eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður ráðsins eða a.m.k. tveir ráðsmenn óska þess. Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum. Ráðið getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarins auk þess sem ráðið getur boðið utanaðkomandi aðilum að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Ráðsmaður skal gæta trúnaðar um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að ráðsmaður lætur af þeim störfum.


4. gr. undirbúningur funda og framkvæmd

Skipulagsfulltrúi undirbýr ráðsfundi í samráði við formann. Fundarboð skal sent út ásamt dagskrá fundarins a.m.k. sólarhring fyrir fund. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar skipulags- og byggingarráðs getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri.

Fulltrúum ráðsins er skylt að sækja alla fundi þess nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Fulltrúum ráðsins er heimil þátttaka með rafrænum hætti, séu þeir staddir innan Hafnarfjarðar eða í embættiserindum innanlands sbr. heimild 17. greinar sveitarstjórnarlaga. Geti ráðsmaður ekki sótt fund skal hann boða varamann í sinn stað. Ef um forföll til lengri tíma er að ræða skal tilkynna um þau til formanns.

Um hæfi ráðsmanna fer skv. 2. mgr. 20. gr. sveitarstjórnarlaga og ber ráðsmanni að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn.

Fundur telst lögmætur ef löglega er til hans boðað og meira en helmingur ráðsmanna er mættur á fundinn.



Hafnarfjörður

5. gr. fundarsköp

Formaður skipulags- og byggingarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar gilda um meðferð mála í ráðinu eftir því sem við á. Formaður úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar ráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í skipulags- og byggingarráði þó það sé ekki tilgreint á dagskrá. Skyld er þó að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver ráðsmanna óskar þess.

6. gr. verkefni skipulags- og byggingarráðs

Skipulags- og byggingarráð fer með mál sem heyra undir skipulagslög nr. 123/2010, mannvirkjalög nr. 160/2010, lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, umferðarlög nr. 77/2019 og önnur þau mál sem bæjarstjórn kann að fela því. Stefnumörkun í þessum málaflokkum heyrir undir ráðið. Fundargerðir afgreiðslufunda skipulags- og byggingarfulltrúa skulu kynntar á næsta reglulega fundi skipulags- og byggingarráðs. Skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi vísa málum til afgreiðslu ráðsins þegar um er að ræða mál sem sem bersýnilega eru í ósamræmi við skipulagsáætlanir, skipulagsskilmála og/eða byggingarreglugerð.

7. gr. afgreiðsla mála

Mál er afgreitt í skipulags- og byggingarráði með samþykkt, synjun, vísað til afgreiðslu bæjarráðs, bæjarstjórnar eða til afgreiðslu eða umsagna sviðsins, starfsmanna þess, annarra ráða og nefnda eða stjórnarsýslunnar. Um heimildir til fullnaðarafgreiðslu ráðsins er fjallað í viðauka 1.1 í Samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar. Ráðsmaður á rétt á að fá að bóka stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í ráðinu. Heimilt er að hafa bókanir lengri þegar fjallað er um fjárhagsáætlun og ársreikninga. Heimilt er að fresta afgreiðslu máls nema ef um er að ræða mál sem lögum samkvæmt ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

8. gr. starfsnefndir

Skipulags- og byggingarráði er heimilt að skipa starfsnefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum og skal ráðið gefa út sérstakt umboð til slíkrar nefndar í samræmi við samþykkt ráðsins frá 14.12.2010 um starfsnefndir a vegum þess. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni starfsnefndar er lokið. Skipulags- og byggingarráð getur einnig afturkallað umboð slíkra starfsnefnda hvenær sem er.

9. gr. fundargerðir

Skipulags- og byggingarráði er heimilt að ráða sérstakan fundarritara utan ráðsins sem annast ritun fundargerða. Í fundargerð skal skrá númer fundar, þau mál sem eru á dagskrá fundarins og afgreiðslu þeirra auk þess sem skrá skal hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitja fundinn. Ef afgreiðsla máls er ekki samhljóma skal skráð hvernig atkvæði skiptast. Fundargerðir eru skráðar með rafrænum hætti beint í fundarkerfi bæjarins. Í lok fundar skal fundargerð staðfest af ráðsmönnum með undirritun og í framahaldi birt á vefsíðu bæjarins. Um birtingu



Hafnarfjörður

gagna með fundargerðum á vefsíðu bæjarins fer skv. samþykkt bæjarráðs frá 9. ágúst 2012 um Almennar reglur um birtingu gagna með fundargerðum á vef Hafnarfjarðarbæjar.

Fundargerðir skipulags- og byggingarráðs skulu skráðar á dagskrá bærastjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bærastjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bærastjórnar ber að taka viðkomandi dagskrárlið sérstaklega fyrir enda er honum vísað til bærastjórnar.

Fundargerðir skulu varðveittar í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 með síðari breytingum.

10. gr. lagagrunnur

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bærastjórnar nr. 24/2021 auk viðauka. Erindisbréf þetta hefur verið lagt fram í skipulags- og byggingarráði og samþykkt í bæjarráði í umboði bærastjórnar Hafnarfjarðar 25. júní 2026 og gildir frá þeim tíma þar til annað kann að verða ákveðið.

29. júní 2026


Þórður Þórarinnsson, bærastjóri

